

Ed.

§55. Þingsályktun

um atkvæðagreiðslu um þegnskylduvinnu.

(Afgreidd frá Ed. 8. september).

Alþingi skorar á landsstjórnina að láta fara fram atkvæðagreiðslu allra kosningarbærra manna í landinu um það, hvort lögbjóða skuli skylduvinnu, fyrir alla heilbrigða karlmenn, við verk í þarfir hins opinbera, einhverntíma á aldrinum 17—25 ára, allt að 3 mánaða tíma, í eitt skifti.

Atkvæðagreiðsla þessi sje leynileg og fari fram samhliða næstu almennum kosningum.